



Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 19. mars 2019
Tilvísun 1903028/10.0

**Umsögn bæjarráðs Fjarðabyggðar um tillögu til þingsályktunar um
þjóðaratkvæðagreiðslu um Reykjavíkurlugvöll - 86.mál**

Bæjarráð Fjarðabyggðar fjallaði á fundi 18. mars, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar – 86.mál.

Umsögn bæjarráðs Fjarðabyggðar er svohljóðandi:

„Bæjarráð Fjarðabyggðar tekur undir efni þingsályktunartillögu um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlugvallar. Reykjavíkurlugvöllur er í dag miðstöð innanlands- og sjúkraflugs og staðsetning hans því lykilatriði þangað til jafngóður eða betri kostur verður tilbúinn til notkunar. Þá er ekki síður mikilvægt að hafa í huga að á höfuðborgarsvæðinu hefur öll opinber þjónusta landsins sínar höfuðstöðvar, ásamt annarri þjónustu sem íbúar landsbyggðarinnar þurfa að leita eftir. Því gegnir Reykjavíkurlugvöllur mikilvægu og fjölþættu hlutverki í samgöngum íbúa Austurlands sem og annarra íbúa á landsbyggðinni, til að einfalda íbúum aðgang að þjónustu í höfuðborginni okkar allra. Því er eðlilegt að kallað verði eftir skoðunum landsmanna allra á staðsetningu flugvallarins.“

Gunnlaugur Sverrisson
Forstöðumaður stjórnsýslu